

## Minnisblað

**Mál:** 1803386, Selhella 8, byggingarleyfi  
**Til:** Byggingarfulltrúa  
**Frá:** Ívari Bragasyni lögmanni á stjórnarsýslusviði  
**Dags:** 15. nóvember 2018

---

Óskað var eftir því að undirritaður tæki saman minnisblað vegna afstöðu byggingarfulltrúa þess efnis að taka ekki við hönnunargögnum á öðru tungumáli en íslensku.

Um hönnunargögn er fjalla í kafla 4.2. Í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Í grein 4.2.1 segir m.a. í 3. mgr.:

*„Hönnunargögn skulu vera á íslensku nema leyfisveitandi samþykki annað.“*

Samkvæmt umræddri reglu er það því ákvörðun byggingarfulltrúa hvort tekið sé á móti hönnunargögnum á öðru tungumáli en íslensku. Tilgangur með þessari reglu virðist fyrst og fremst vera að reyna tryggja rétta afgreiðslu umsókna og að framkvæmdir séu í samræmi við það sem útgefið leyfi kveður á um. Dæmi hafa verið um það að móttaka hönnunargagna á ensku hafi leitt til þess að aðilar skýrðu hugtök með ólíkum hætti sem leiddi til þess að ekki var framkvæmt í samræmi við útgefið leyfi. Af þessum ástæðum hefur byggingarfulltrúi ekki samþykkt annað undanfarin ár en hönnunargögn á íslensku.

Er framangreind afstaða byggingarfulltrúa einnig í fullu samræmi við ákvæði laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011, en þar segir í 8. gr.:

*„Íslenska er mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannaþjónustu.“*

Að virtu framangreindu gerir undirritaður engar athugasemdir við umrædda afstöðu byggingarfulltrúa.